

120. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 27. janúar 2016 kl. 16.30, í Fjölheimum

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Elín Einarsdóttir og varamaður hennar, Íris Böðvarsdóttir, boðuðu forföll. Einnig sátu fundinn Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri og Ásm. Sverrir Pálsson fyrrum framkvæmdastjóri.

1. Áætlanir Fræðslunetsins um námsframboð 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir áætlunina. Hann gat þess að skráningar í íslensku fyrir útlendinga væru nú heldur dræmari en áður. Þá gat hann um Tækifæri II, þróunarverkefni í ferðaþjónustu en námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu verður haldið á vorönninni í tengslum við námskeið Háskólafélagsins fyrir ferðaþjónustuna.

VMST óskar eftir því að nemendur frá stofnuninni á íslenskunámskeiðum hjá Fræðslunetinu verði metnir með tilliti til þess hvernig þeir standa í íslensku. Frkv.st. falið að ráða fram úr málinu.

Tvennskonar raunfærnimat verður á Höfn á árinu, í fisktækni og raunfærnimat með viðmið við námskrá verslunarfulltrúa.

2. Fjárframlög og tekjuhorfur Fræðslunetsins 2016

Mikill samdráttur er fyrirsjáanlegur hjá Fjölmennt og líkur á að upphæðin þaðan verði svipuð krónutala, þrátt fyrir launahækkanir og kostnaðarauka.

Enn er óljóst með framlög úr Sóknaráætlun. Búist er við fundi SASS með Fræðslunetinu og Háskólafélaginu um framhald Sóknaráætlunar en ekki hefur enn verið boðað til hans.

Leigutekjur af kennslustofum í Fjölheimum hafa dregist saman undanfarið en framlag á fjárlögum heldur sér frá fyrri árum.

Margt annað er óljóst, m.a. mun Þróunarsjóður FA ekki auglýsa eftir umsóknum um styrki fyrr en í mars.

Horfur ársins hjá Fræðslunetinu eru almennt þungar. Enn vantar fé til að jafna tekjur og gjöld. Launakostnaður hefur hækkað um 20 milljónir á síðustu tveimur árum. Framundan er vinna við að skanna reksturinn með tilliti til að lækka kostnað og auka tekjur. Einhverjir möguleikar eru þegar til skoðunar en ljóst að mjög vel þarf að halda á spilum.

3. Afhending styrks úr Vísinda- og rannsóknarsjóði 2015

Styrkurinn var afhentur á hátíðarfundi þann 14. janúar sl. á Sal Fjölbrautaskóla Suðurlands. Forseti Íslands afhenti f.h. sjóðsins þeim Ásdísi Benediktsdóttur doktorsnema, Hauki Ingvarssyni doktorsnema og Ragnheiði Hergeirsdóttur meistaraþrófnema samtals 1.200.000,- krónur. Sólrún Auðbergsdóttir styrkþegi 2013 kynnti einnig verkefni sitt á fundinum. Stjórn Fræðslunetsins óskar styrkþegum innilega til hamingju og velgengni í sínum verkefnum.

4. Framhald launamála, sem verið hafa til umræðu í stjórn undanfarið ár
Málið er í þeirri vinnslu sem ákveðin var á síðasta fundi en ekki er þó kominn botn í málið. Framundan er m.a. allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Stjórn frestar ákvörðun þar til niðurstaða þar liggur fyrir.

5. Erindi frá Rangárþingi ytra þar sem óskað er eftir samstarfi um námsver
Rangárþing ytra hefur samþykkt að opna námsver í Miðjunni á Hellu og óskar eftir samstarfi við FSS og HSS um rekstur þess. Sveitarfélagið myndi leggja til rýmið, tölvur, nettengingu og slíkan búnað en óskar eftir að FSS og HSS leggi til húsgögn í námsverið, borð, stóla og skilrúm.
Stjórn FSS tekur jákvætt í erindið og felur frkv.stj. að vinna að málinu.

6. Önnur mál
 - a) Rakel Þorsteinsdóttir hefur sagt upp störfum hjá Fræðslunetinu sem verkefnastjóri fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra, eftir tímabundið leyfi. Stjórn FSS þakkar Rakel fyrir sín góðu störf fyrir FSS og óskar henni velferðar í framtíðinni.
 - b) Færsla á stofnfé Fræðslunetsins milli sparnaðarleiða í banka.
Stjórn felur fr.kv.stj. að leita sparnaðarleiða með tilliti til hærri vaxta.
 - c) HSS sendi fyrirspurn til ráðuneytisins varðandi ósk þess um sameiningu HSS og FSS. Engin frekari vinna hefur farið fram í ráðuneytinu um þetta.
 - d) Ásmundur Sverrir hefur unnið áfram eftir að hafa formlega lokið störfum um áramót, til að liðsinna nýjum framkvæmdastjóra. Nú um mánaðamótin lýkur þeim liðsinnistíma og Ásmundur hættir störfum. Stjórn þakkar honum gott starf fyrir FSS og afburðagott samstarf við stjórn í gegnum árin.